# 93. sambandsþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

Þingið var haldið 6. maí 2014 í Árbliki í boði Æskunnar.

Mættir voru: Kristján Garðarsson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Arnar Eysteinsson, Jón Egill Jóhannsson, Herdís Erna Matthíasdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Finnbogi Harðarson, Jóhanna Sigrún Árnadóttir, Þorgrímur Einar Guðbjartsson, Sigurdís Sigursteinsdóttir, Svala Svavarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Eyþór Jón Gíslason, Inga Heiða Halldórsdóttir, Heiðrún Sandra Grettisdóttir, Þórarinn Birgir Þórarinsson og Þórður Ingólfsson. Einnig var mættur Guðni Albert Kristjánsson nýráðinn íþrótta- og tómstundafulltrúi hjá Dalabyggð.

Aðrir gestir voru mættir þessir: Sæmundur Runólfsson frá UMFÍ og Líney Rut Pálsdóttir frá ÍSÍ.

1. **Þingsetning,** Kristján Garðarsson formaður UDN setti þingið og bauð gesti velkomna. Þingið er haldið í boði Æskunnar.

2. **Kosning þingforseta,** Þingforseti: Þorgrímur Einar Guðbjartsson – Varaþingforseti: Sigurdís E. L. Sigursteinsdóttir. – *Samþykkt samhljóða.*

3. **Kosning annarra starfsmanna þingsins** – Fundarritarar: Rebekka Eiríksdóttir og Ingveldur Guðmundsdóttir. Kjörbréfanefnd: Eyþór Jón Gíslason formaður, Jón Egill Jóhannsson og Herdís Erna Matthíasdóttir. – *Samþykkt samhljóða.*

4. **Skýrsla stjórnar** – Formaður las skýrslu stjórnar þar sem tíundað var starf UDN frá síðasta þingi.

5. **Álit kjörbréfanefndar** – Kjörbréf rétt – nöfn allra lesin upp. *Kjörbréf samþykkt*.

Mæting frá aðildarfélögum var eftirfarandi:

**Afturelding á rétt á 4 fulltrúum**

1. Herdís Erna Matthíasdóttir
2. Kolfinna Ýr Ingólfsóttir
3. Rebekka Eiríksdóttir

**Æskan á rétt á 7 fulltrúum**

1. Finnbogi Harðarson
2. Jóhanna Sigrún Árnadóttir
3. Þorgrímur Einar Guðbjartsson
4. Sigurdís Sigursteinsdóttir

**Dögun á rétt á 3 fulltrúum**

Engir fulltrúar mættir

**Glímufélag Dalamanna á rétt á 5 fulltrúum**

Engir fulltrúar mættir

**Stjarnan á rétt á 9 fulltrúum**

1. Kristján Garðarsson
2. Ingveldur Guðmundsdóttir
3. Jón Egill Jóhannsson
4. Arnar Eysteinsson

**Ólafur Pá á rétt á 8 fulltrúum**

1. Svala Svavarsdóttir
2. Ingibjörg Jóhannsdóttir

**Glaður á rétt á 6 fulltrúum**

1. Þórður Ingólfsson
2. Eyþór Jón Gíslason
3. Heiðrún Sandra Grettisdóttir
4. Inga Heiða Halldórsdóttir
5. Þórarinn Birgir Þórarinsson

6. **Ársreikningur lagður fram** – Ingveldur Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti ársreikning fyrir árið 2013.

    Rekstrartekjur ársins voru kr. 2.267.221
    Rekstargjöld kr. 2.116.357
    Hagnaður án fjármagnsliða kr. 1.150.864
    Rekstrarhagnaður alls kr. 1.240.792 kr

7. **Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning, reikningar bornir upp til samþykktar.**

    Þórður sagðist ekki kannast við að hafa fengið boð um að tilnefna einstaklinga vegna kjörs á íþróttamanni ársins, varðandi það í skýrslu stjórnar að ekki hefðu komið fram tilnefningar um íþróttamann ársins. Hann kom einnig með ábendingu um að fjárhagsáætlun fyrra árs verði sett inn í ársreikning framvegis.

    Kristján sagðist hafa sent tölvupóst á formenn aðildarfélaga og ráða vegna tilnefninga á íþróttamanni ársins.

    *Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.*

8. **Samstarfssamningur UDN og Dalabyggðar og útlhlutunarreglur starfsstyrkja**.
   Ingveldur kynnti ferlið varðandi samstarfssamninginn allt frá umræðum á síðasta þingi til ráðningar Guðna Alberts sem íþrótta- og tómstundafulltrúa, en hann mun sjá um framkvæmdastjórn fyrir UDN. Hún sagði einnig að fyrstu drög að úthlutunarreglum vegna starfsstyrkja til aðildarfélaga UDN í Dalabyggð fylgdu með þinggögnum, vinna þarf áfram með drögin. Þau hafa ekki farið fyrir sveitarstjórn Dalabyggðar.

9. **Ávörp gesta.**
   Líney Rut Pálsdóttir frá ÍSÍ, hrósaði UDN fyrir góðan rekstur og góðar eignir. Óskaði UDN til hamingju með samstarfssamninginn við Dalabyggð.
   Hvatti fundargesti til að kynna sér vefinn allir sem einn. þ.e. vefur sem heldur utan um sjálfboðastörf innan íþóttafélaganna. Hreyfitorg er vefur sem heldur utan um alla hreyfingu innan sambanda. Fyrirmyndafélag ÍSÍ, það getur verið hvatning fyrir félög að gerast fyrirmyndafélög ÍSÍ, þá sérstakega til að liðka fyrir um styrkumsóknir m.a. til sveitarfélaga.
   Smáþjóðaleikarnir verða haldnir í Reykjavík í sumar, ÍSÍ óskar eftir sjálfboðaliðum í verkefnið.
   Felix, skilafrestur var til 15. apríl. ÍSÍ og UMFí hafa verið með vinnuhóp við þarfagreiningu á Felix og framundan er að laga það sem betur má fara.
   Gefnir hafa verið út nýir bæklingar á vegum ÍSÍ.
   Líney hvatti þinggesti til að kynna sér heimasíðu ÍSÍ og lesa þar fróðleik sem þar er í boði. Þakkaði gestum að lokum fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar.

   Sæmundur Runólfsson framkvæmdarstjóri UMFÍ tók næst til máls,
   Hrósaði UDN fyrir starfið og reksturinn. Hafði orð á hvað sjálfboðaliðastarf innan íþróttahreyfingarinnar sé mikilvægt og dýrmætt.
   Stjórn UMFÍ hefur undanfarið heimsótt stjórnir héraðssambanda og stefnir á að heimsækja stjórn UDN. Óskaði UDN til hamingju með samstarfssamninginn.
   Íþrótta- og ungmennabúðirnar á Laugum hafa gengið vel bæði faglega og rekstrarlega. Hann segir það vera stolt UMFÍ að koma að verkefninu.
   UMFÍ hélt nýlega ungmennaráðstefnu en hún var sú fimmta í röðinni og haldin á Ísafirði. Haldin hafa verið ýmis námskeið um allt land, og gefið út fræðsluefni og bæklingar.
   Landsmót 50+ verður haldið á Húsavík og unglingalandsmótið verður haldið á Sauðárkróki í sumar. Vorfundur verður haldinn í Grindavík í maí, og er hann góður vettvangur fyrir nýjan framkvæmdarstjóra UDN að hitta og kynnast nýju fólki. Ungt fólk í Evrópu er verkefni þar sem úthlutað er styrkjum til ýmissa verkefna. Þjónustumiðstöð UMFÍ getur komið og verið með kynningu á styrkjaumsóknum í sjóðinn ef áhugi er fyrir hendi. Ungmennavikan í ár verður í Noregi og má Ísland senda 12 þátttakendur, áhersla verður lögð á leiklist. Sæmundur hvatti alla að lokum til að heimsækja þjónustumiðstöð UMFÍ í Laugardalnum, og nýta sér þá þjónustu og aðstöðu sem þar er í boði.

10. **Tillögur lagðar fram.**
Þorgrímur kynnti tillögur sem liggja fyrir þinginu.

11. **Hlé/matarhlé**

12. **Afgreiðsla tillagna.**

**Tillaga 1**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** þakkar sveitarstjórnum Dalabyggðar og Reykhólahrepps fyrir veittan stuðning á árinu.
*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 2**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** samþykkir að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr. 200 fyrir hvern aðila 16 ára og eldri.
*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 3**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** leggur til að skoðað verði að fækka ráðum á vegum UDN úr fimm í eitt. Búa til fimm manna ráð sem fer með málefni allra núverandi ráða í samstarfi við Íþrótta og tómstundafulltrúa. Haldinn verði vinnufundur í nóvember þar sem farið yrði yfir málið.
*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 4**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** leggur til að fela íþrótta- og tómstundafulltrúa að framkvæma áhugakosningu á netinu um framtíðarbúninga UDN. Fela stjórn UDN og íþrótta- og tómstundafulltrúa að ganga frá búningamálum.

Töluverðar umræður urðu um tillöguna og búningamál almennt. Fundarstjóri bar upp breytingartillögu frá Finnboga.

**Breytingatillaga**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** leggur til að fela íþrótta- og tómstundafulltrúa að framkvæma áhugakosningu á netinu um framtíðarbúninga UDN. Fela stjórn UDN og íþrótta- og tómstundafulltrúa að vinna í búningamálum og gera tillögu að búningum og leggja fyrir næsta sambandsþing.
*Tillagan felld með fjórum atkvæðum*

**Tillaga 4 borin upp óbreytt.**
*Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta*

**Tillaga 5**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014,** samþykkir að ekki verði skipaðir fulltrúar í unglingalandsmótsnefnd fyrir unglingalandsmótið á Sauðárkróki sumarið 2014 heldur taki stjórn UDN að sér hlutverk nefndarinnar í samstarfi við íþrótta- og tómstundafulltrúa.
*Samþykkt samhljóða*

**Tillaga 6**
**93. ársþing U.D.N. haldið í Árbliki 6. maí 2014** samþykkir eftirarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

| | Áætlun 2014 | Rauntölur 2013 | Rauntölur 2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Iðgjöld | 160.000 | 158.200 | 155.700 |
| Framlög og styrkir | 0 | 0 | 45.500 |
| Styrkur skv. samningi við Dalabyggð | 1.000.000 | 0 | 0 |
| Tekjur af Lottó | 2.750.000 | 2.927.244 | 2.119.352 |
| Aðrar tekjur | 0 | 181.777 | 0 |
| Tekjur af sölu | 0 | 0 | 0 |
| Tekjur af fatnaði og töskum | 0 | 0 | 0 |
| **Rekstrartekjur alls:** | **3.910.000** | **3.267.221** | **2.320.552** |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Udn blað | 0 | 235.262 | 497.347 |
| Mótakostnaður | 260.000 | 148.640 | 240.730 |
| Verðlaunagripir | 70.000 | 49.725 | 39.611 |
| Lauga- / Hólafjör | 100.000 | 0 | 86.906 |
| Styrkur skv. samningi við Dalabyggð | 1.000.000 | 0 | 0 |
| Framlög og styrkir | 1.300.000 | 1.278.459 | 1.000.683 |
| Laun og launatengd gjöld | 700.000 | 330.000 | 510.000 |
| Skrifstofukostnaður | 250.000 | 74.271 | 35.654 |
| Stjórnun og umsýsla | 150.000 | 0 | 136.080 |
| Rekstur áhalda og tækja | 70.000 | 0 | 0 |
| Kostnaður v/söluvarnings | 250.000 | 0 | 0 |
| **Rekstrargjöld alls;;** | **4.150.000** | **2.116.357** | **2.547.011** |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða:** | **-240.000** | **1.150.864** | **-226.459** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.):** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 120.000 | 117.765 | 89.901 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | -30.000 | -27.837 | -29.954 |
| **Samtals** | **90.000** | **89.928** | **59.947** |
| **Hagnaður (tap) af reglul. starfsemi** | **-150.000** | **1.240.792** | **-166.512** |

*Samþykkt samhljóða.*

**13. Kosningar.**

Þrír stjórnarmenn eru að hætta, Guðmundur Þór varaformaður, Rebekka ritari og Kristján Ingi meðstjórnandi.
Kjósa þarf ritara til eins árs, gjaldkera, varaformann og meðstjórnanda til tveggja ára.
Borin var upp tillaga um nýja stjórnarmenn Herdísi Ernu Matthíasdóttur sem ritara, Ingveldi Guðmundsdóttur sem gjaldkera, Jenný Nilsson og Heiðrúnu Söndru Grettisdóttur sem meðstjórnendur.
*Samþykkt samhljóða*

**Stjórn UDN**

Kristján Garðarsson formaður
Ingveldur Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Herdís Erna Matthíasdóttir, ritari
Jenný Nilsson
Heiðrún Sandra Grettisdóttir

Til vara:
Sigurdís Sigursteinsdóttir
Sigurður Bjarni Gilbertsson

**Skoðunarmenn**
Anna Berglind Halldórsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
*Samþykkt samhljóða*

**Knattspyrnuráð**
Sigurður Bjarni Gilbertsson
Eggert Ólafsson
Svala Svavarsdóttir
Varamaður
Ágúst Már Gröndal
*Samþykkt samhljóða*

**Frjálsíþróttaráð**
Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Arnar Eysteinsson
Herdís Erna Matthíasdóttir

Varamaður
Rebekka Eiríksdóttir
*Samþykkt samhljóða*

**Sundráð**
Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir
Björk Stefánsdóttir
Jóhanna Jóhannsdóttir
Varamenn:
Svanborg Guðbjörnsdóttir
Hallfríður Valdimarsdóttir
*Samþykkt samhljóða*

**Badmintonráð**
Herdís Erna Gunnarsdóttir
Jenný Nilsson
Arnar Freyr Þorbjarnarson
Varamaður
Svala Svavarsdóttir
*Samþykkt samhljóða*

**Blakráð**
Herdís Erna Matthíasdóttir
Sæmundur Jóhannsson
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Varamaður
Hjörtur Jörundsson
*Samþykkt samhljóða*

**14. Önnur mál.**

Ingveldur lagði fram þá spurningu hvernig fulltrúar félaga vildu að framhaldið yrði með að klára vinnu við úthlutunarreglur samstarfsamningsins. Nefndi að klára reglurnar á komandi hausti þar sem erfitt væri að ná fólki saman yfir sumartímann.

Þórður hvatti til að klára reglurnar. Þórður nefndi að hestamannafélagið hefði áhyggjur af sínu félagi. Þ.e. skiptingu fjármunanna, í samningnum fari 2.000.000 kr. í að UDN fái aðgang að mannvirkjum í eigu Dalabyggðar. Hestamannafélagið telur sig ekki hafa hag af því fyrir sitt félag. Félagið greiðir leigu fyrir afnot af reiðhöllinni. Þórður spurði einnig hvað væri að frétta af þátttöku Reykhólahrepps í samningnum. Miðað við úthlutunarreglurnar þyrftu félögin að vera búin að halda sína fundi fyrir 1. mars svo hægt verði að úthluta úr sjóðnum. Leggur til að 1 – 2 fulltrúar úr öllum félögunum leggist yfir reglurnar og afgreiði þær eins fljótt og unnt er.

Finnbogi bauð nýja stjórn velkomna til starfa og einnig nýjan íþrótta- og tómstundafulltrúa Guðna Albert. Nefndi að félögin þyrftu að vita fyrir sumarstarfið hve mikils styrk sé að vænta frá UDN svo hægt sé að skipuleggja starfið út frá því. Sprning hvort styrkirnir eigi að vera fyrirframgreiddir eða eftirágreiddir.

Svala sagði að Óli Pá ætlaði að leggja 100.000 krónur í búningamál hjá sínu félagi. Hvatti félögin til að styrkja sína félaga til búningakaupa. Er sammála Þórði er varðar úthlutun styrkja.

Ingveldur sagði að samningsgerðin hefði verið kynnt Reykhólahrepp en ekki hefði verið ákveðið þar að koma með í þetta verkefni í byrjun allavega. Varðandi úthlutun styrkja þá hafi Dalabyggð undanfarin ár greitt styrki eftirá en hægt sé að skoða það að breyta því hjá UDN ef vilji sé fyrir hendi, skoða þurfi dagsetningar o.fl. í drögum að úthlutunarreglunum styrkja. Nefndi einnig að hjá Felix væru hugmyndir um að flýta skilum á starfsskýrslum þannig að það komi þá e.t.v. sjálfkrafa að félögin þurfi að flýta sínum aðalfundum.

Kristján þakkaði matráði, og Æskunni þakkaðar góðar móttökur og veitingar.

Þingi slitið kl 21:00